

Barnaheimilið Ós

Starfsáætlun

2022 – 2023



Samvera, leikur og gleði

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Einkunnarorð og hornsteinar Leiðarljós Óss	3
1.1	Einkunnarorð	3
1.2	Hornsteinar	3
2	Greinargerð leikskólastjóra	3
3	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	5
4	Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023	7
4.1	Innra mat yngri kjarna	9
4.1.1	Samantekt	9
4.2	Innra mat eldri kjarna	10
4.2.1	Samantekt	10
5	Innra mat sérkennslu	11
5	Innra mat – fjöltyngd börn	11
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	13
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	13
8	Foreldrasamvinna	13
9	Skipulagsdagar	14
10	Fylgigögn	15
10.1	Fylgiskjal 1 Leikskólasdagatal 2022 – 2023	15
10.2	Fylgiskjal 2	16
11	Um starfsáætlanir leikskóla	17




1 Einkunnarorð og hornsteinar

Leiðarljós Óss

1.1 Einkunnarorð

Samvera, leikur og gleði

1.2 Hornsteinar



2 Greinargerð leikskólastjóra

Ós kláraði fimmta árið sitt á Skerplugötunni þetta vorið og er okkur farið að líða eins og við höfum alltaf verið á „nýja Ósi“ eins þau börn sem eru nú útskrifuð kölluðu húsið. Ýmislegt hefur gengið á eftir að við komum í hverfið og höfum við Ósarár svo sannarlega fengið okkar eldskírn. En þessi tími hefur líka verið alveg rosalega skemmtilegur og ljúfur. Ýmsar áskoranir sem að mættu okkur fyrstu árin sem gáfu okkur tækifæri á að yfirfara mikið af okkar verklagi á árangursríkan hátt. Covidið gaf okkur svo óvænta gjöf, eða tíma og ró til þess að byggja upp nýja stefnu allt frá dagskipulagi og starfinu á kjörnum upp í nýja námskrá. Við höfum náð að aðlaga okkar óskir og langanir varðandi stefnuna að húsinu, anda Óss og því starfsfólki sem að hefur starfað í leikskólanum. Það sem að við á Ósi leggjum aðaláherslu á er að börnin upplifi heilstæða tilveru á leikskólaárunum sínum og upplifi virkt samstarf milli foreldra og skólans og erum við mjög ánægð að Skerplugatan hentar mjög vel þeirri áherslu.



Síðasta leikskólaár byrjaði nokkuð vel. Við lögðum af stað full vonar að geta upplifað venjulega Ós daga þar sem foreldrar geta valsað um og fengið sér morgunmat og kaffibolla og spjallað um daginn og veginn við okkur starfsfólkið. Einhver bið varð á því en við náðum að halda andanum góðum fram að jólum þrátt fyrir að fólk væri orðið nokkuð leitt á þessu ástandi og þá sérstaklega því að allir voru meðvitað og ómeðvitað á varðbergi gagnvart ósýnilegum óvini. Áskoranir varðandi styttingu vinnuvikunnar, nýja kjarasamninga og endurteknar skipulags breytingar voru farnar að taka nokkurn toll af stjórn skólans og var það því mikill skellur þegar að skólarnir voru opnaðir upp á gátt á vorönninni. Við urðum öll veik og fengum allar þær pestir sem að gengu um samfélagið þrátt fyrir að við legðum enn mikla áherslu á persónulegar sóttvarnir. Við misstum lykilstarfsmenn úr starfi í veikindi og staðan á önninni var sú að einungis var hægt að leggja áherslu á að halda grunn kjarnastarfi gangandi, tiltölulega öruggu. Við náðum ekki að klára markmiðin og ekki var mikið um mat á eldri kjörnum. Þetta ástand tók mikinn toll, fjárhagslega, faglega, af starfsmannahópnum og það sem verst var andlega.

Það var okkur til happs að starfsmannaferð til Birghton, sem við höfðum þurft að fresta ítrekað, var loksins farin um vorið og náðum við að hrista saman þau sem eftir voru af hópnum og endurhlaða eitthvað af batteríunum.

Faglega náðum við loksins góðum árangri með leikinn og er nú með sanni hægt að segja að sjálfsprottin leikur sé ein af okkar aðal námsleiðum. Við gerðum nokkur könnunarverkefni sem gengu ágætlega en það er ljóst að við eigum eftir að kanna betur þau gæði sem að fylgja þeirri aðferð. Í starfsmannaferðinni þá fórum við í Reggio Emilia skóla þar sem að börn kafa ofan í verkefnin sín með því að kanna viðfangsefnið og skapa svo eitthvað í sameiningu upp úr því sem þau upplifa og læra. Þar fengum við skoða verkefni sem spruttu úr mikilli sköpunargleði og forvitni en það er einmitt það sem að við viljum vekja hjá börnunum á Ósi.

Á næsta ári á Ós 50 ára afmæli og er það stórmerkilegur áfangi ekki bara fyrir Ós og alla Ósara heldur hvorki meira né minna menntasögu Íslands. Ós á sér einstaka sögu sem að við hlökkum til að kafa í þegar við undirbúum hátíðarhöld í tilefni afmælisins.

Við horfum bjartsýn fram á veginn enda er komið kraftmikið stjórnunarteymi við skólann sem er samstillt og iðar í skinninu við að klára verkefnið og full innleiða nýju stefnuna okkar. Einnig er það ótrúlega góð tilfinning að það sem að við höfum stefnt að er að birtast okkur í starfi og það sem er allra best þá við finnum fyrir árangrinum.

3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Vinna við námskrá	Fara yfir það sem búið er að gera	Skólastjóri	Ekki tókst að klár námskrá. Þó byrjað sé að vinna eftir helstu þáttum hennar. Leita aðstoðar til þess að framreiða hana og koma henni í form.
Verklag á áætlanir	Farið yfir það sem búið er.	Skólastjóri	Búið er að taka saman það sem búið er að gera. Ekki tókst á árinu að gera fleiri en mikið er búið svo gott var að taka þetta saman. Stjórn skólans mun taka þátt í þessari vinnu á árinu.
Leikurinn	Skráning á leik barna og tímataka.	Skólastjóri	Sjálfsprotni leikurinn er að festa sig í sessi á Ósi og fá börnin tíma til þess að kafa djúpt inn í leikinn með því rými og leikefni sem þarf. Halda þarf áfram og þarf starfsfólk reglulega fræðslu um mikilvægi leiksins og aðferðir til þess að styðja við hann.
Listastefnan	Fara yfir það sem er búið	Skólastjóri og listkennari	Koma þarf listastefnunni í betra form en annars er

			hún tilbúin og byrjað er að vinna eftir henni.
Starfmannaaðstaða	Farið var yfir aðstöðuna	Stjórn skólans og skólastjóri	Búið er að gera margt en á þessu ári er stefnan tekin á að klára undirbúningsherbergi og fá umsjónaaðila Reykjavíkurborgar með í lið
Lærdómssamfélag	Ekkert mat var gert	Skólastjóri	Kjarnastjórar hafa verið uppeldisnámi og gerir skólinn allt sem hann getur til þess að styðja starfsfólkið í námi. Fyrirlestrar og fræðsla eru áætlaðir á árinu
Þróun og samvinna kjarna	Samvinna yngri kjarna annarsvegar og eldri kjarna hins vegar	Skólastjóri og kjarnastjórar	Gekk vel. Tveir starfsmenn hafa verið gerðir að kjarna stjórum yfir yngri og eldri. Undirbúningur gengur vel og unnið verður eftir þessu fyrirkomulagi í vetur.

Ytra mat

Ekki var gert ytra mat á árinu á vegum Óss.

4 Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Setja upp námskrána	Að allur texti námskrár verði komin niður á blað.	Skólastjóri tekur allt saman og fer yfir með fagfólki skólans. Stjórn foreldrafélags fær síðan plaggið til yfirferðar og umsagnar og verkið klárað	Skólastjóri ber ábyrgð. Skólastjóri, fagfólk og stjórn framkvæma	ágúst	Maí	Farið verður yfir heimildir. Óskað eftir umsögn frá skóla og frístundasviði	Aðrar námskrár og sýn skólans og starfsfólk þess mun vera leiðarljósið í vinnunni.
Uppeldis- og menntastarfi							
Könnunar stefna skólans	Kynna og læra meira um könnun og upplýsinganám	Taka saman sem lært var í námsferð- Finna heimildir- Halda fyrirlestra og vinnustofur	Skólastjóri og kjaranstjórar	Hefst í október	Maí	Á vorönn verður farið yfir skráningar og það sem við höfum læst í ferlinu	Ath. verður hvort markmiðum sé náð með því að gera athuganir og niðurstöður skráninga
Mannauður/ r/							



Leikskólabragur							
Aðstaðan	Gera aðstöðu starfsfólks enn betri	Framkvæmt á starfsdögum og vinnudögum foreldra	Skólastjóri, stjórn og kjarnastjórar.	ágúst	mars	Á vorönn verður verkið yfrifarið	Óskir starfsfólks
Gleði í starfi	Hverjar eru hefðir og langanir starfsfólks Ós. Hvað hefur breyst eftir flutninga og hvað má gera betur	Á starfsmannafundum,	Skemmtin efnd og skólastjóri	Ágúst	Janúar	Á starfsmannafundi í febrúar verður farið yfir málin og gerð könnun	Óskir starfsfólks og reynsla.
Innra mat							
Skáningar	Bæta þarf skráningar á öllum fag sviðum skólans	Fara yfir það sem þarf að skrá og gera áætlanir.	Skólastjóri og kjarnastjórar	ágúst	maí	Farið verður yfir vinnuna eftir veturinn og leitað eftir aðstoð fagaðila	Kröfur aðalnámskrár og menntastefnu Reykjavíkur borgar ásamt okkar stefna.



4.1 Innra mat yngri kjarna

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Leikefni	Fara yfir og bæta efniviðin með fræðin í huga	Könnun hvar best er að fá efnivið sem við óskum eftir. Leitum eftir því sem að fræðin og nýjar rannsóknir segja.	Skólastjóri og Kjarnastjóri yngri kjarna	ágúst	maí	Farið yfir leikefni sem fyrir er í deginum. Rýnt í leik barnanna. Fara yfir stöðuna á kjarnafundum og fagfundum	Óski okkar og langanir. Nýjustu upplýsingar.
Ungbarannsla	Fræðast betur um ungbarnakennslu	Hvar stöndum við hvað getum við gert betur. Er eitthvað sem að við getum lært meir.	Skólastjóri og Kjarnastjóri yngri kjarna	Jan	maí	Leitað að nýjum upplýsingum m. Haldin fræðsla fyrir starfsfólk kjarnans í lok tímabils	Það sem við finnum við upplýsingaöflun.

4.1.1 Samantekt

Lögð verður aðaláhersla á leikefni kjarnanna og hvað það er sem að hentar hverju ári fyrir sig. Passað verður upp á að eftirhermu leikföng séu til staðar fyrir eldri árganginn og svo mjúk leikföng fyrir þau allra yngstu. Könnunar leikföng, það er að segja, kubbar og annar efniviður sem að hvetur til könnunar forms og efnis verður líka skoðaður.

4.2 Innra mat eldri kjarna

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Læsisstefnan	Að fagfólk skólans geti unnið samkvæmt læsisstefnunni	Förum yfir stefnu skólans. Hvernig notum við könnun í læsiskennslu, hvað er læsiskennsla	Skólastjóri og fagfólk eldri kjarna	Jan	maí	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Könnun	Hver er kjarni könnunar	Hvert er okkar aðal hlutverk sem kennarar þegar aðferðin er beitt	Skólastjóri og fagfólk eldri kjarna.	Nóv.	Maí.	Fara í vettvangsferðir og kanna það sem að við höfum lært. Finna les efni sem að rýnt verður í á fagfundum	Markmið okkar er að allt starfsfólk sé meðvitað um hvernig þessi kennsla fer fram.

4.2.1 Samantekt

Nú þegar innleiðing sjálfssprottins leiks er á lokastigi og aðeins eftirfylgni á dagskrá varðandi leikinn þá getum við farið að einbeita okkur að því hvernig við getum notað könnun í námsþáttum leikskólans. Einnig verður eitt af stóru verkefnum að fara yfir það hvernig og hvað á að skrá með öllu starfsfólki skólans.

5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Stuðningsfulltrúi var ráðinn við skólann og byrjað var að undirbúa og taka í gegn sérkennslu gögn og skráningar. Útbúnaðar möppur og einstaklingsnámskrár í samvinnu við sérkennslufulltrúa frá Rvk. Byrjað var á því að undirbúa myndrænt skipulag. Og fundir voru reglulega milli fagaðila skólans varðandi þau börn sem þurftu stuðning. Því miður fór stuðningsfulltrúinn í langtíma veikindi og kom ekki aftur til starfa. Skólastjóri tók við og synti grunnsérkennslu eftir bestu getu.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	Nei
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Nei

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sérþekking á sviði sérkennslu	Finna starfsfólk	Auglýsa eftir starfsfólki	Skólastjóri	ágúst	Júní	Stefnt að því að vinna með aðilum innan þjónustumiðstöðvar	Gæða sérkennslustarf

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið er með gefðu tíu með börnum sem þurfa sérstakan stuðning og er verið að innleiða það með fjöltyngd börn.

Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Við leggjum mikla áherslu á söngva og sögur sem að eru í takt við það sem er að gerast í umhverfi barnanna hverju sinni. Erum með margskonar samræðu vettvang. T.d. fréttir af helginni þar sem þau sem vilja fá að segja fréttir af því sem gerst hefur. Orðapúðinn er nýtt efni þar sem þau henda nokkuð þungum púða á milli sín og þau sem eru með hann í höndunum eiga orðið. Fundir vegna könnunarverkefnis.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Eitt af stóru verkefnum vetrarins er að taka skráningu föstum tókum.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Unnið er með þessa þætti eins og greint er hér frá í fyrstu línu í þessum dálki.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Efni og tæki	Biðja um aðstoð frá þjónustumiðs töð og biðja um efni og aðstoð með mælitæki		Skólastjóri	Jan	maí	Biðja um aðstoð frá þjónustumiðs töð um hvernig gegnur og hvað þar að gera betur	Stefna Reykjavíkurborgar

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Farið verður í námsferð í leikskólann Tjarnarsel í Reykjanesbæ í febrúar. Þar er unnið með margt á árangursríkan hátt sem að við erum að þróa á Ósi eins og útiræktun og vettvangsferðir, leikurinn er rauði þráðurinn í þeirra starfi og svo ætlum við að athuga hvort við getum eitthvað lært af þeim varðandi skráningu.

Fyrirlestrar eru fyrirhugaðir varðandi könnun og þroska lýðræðislegra hugsunar, leikinn og skráningar.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Í ár er einn nemandi sem fæddur er 2017 og er áætlað að fara í heimsókn í þann grunnskóla sem að hann mun stunda nám í.

Okkur langar einnig að vera meira í sambandi við nærumhverfi okkar. Við höfum söfn, flugvöll og marga aðra leikskóla í nágrenninu. Sumt er komið langt á veg en annað enn á hugmyndastigi.

Hafið er samstarf við Háskóla Íslands og fáum við nú aðgang að íþróttasal HÍ og hlökkum við mikið til þess að fá að vera þar í vetur.

Fyrirhugað er að hefja samstarf við Norræna húsið. Börnin hafa farið nokkru sinnum í ferðir þangað bæði á viðburði og svo í bókasafnið og langar okkur mikið til þess að hefja gagnvirkt samband við starfið þar. Fyrirhugaður er fundur með starfsmanni Norræna hússins .

Við erum í samstarfi við Mánagarð með fræðslu varðandi eldvarnir og svo er alltaf á dagskrá að þróa samstarf við leikskólann Skerjagarð sem er hér hinumegin við flugbrautina.

8 Foreldrasamvinna

Ós er foreldra rekinn skóli. Foreldrar taka virkan þátt í starfi skólans með ýmsu móti. Foreldrafundir eru átta sinnum á ári og eru þar teknar ýmsar ákvarðanir varðandi málefni skólans. Þessi mál varða allt frá samveru og partístandi Ósara til faglegra ákvarðana sem teknar eru í samvinnu við og undir handleiðslu fagfólks skólans. Tvisvar sinnum á ári eru vinnudagar á Ósi en þá koma foreldrar og gera ýmis verk sem að gagnast starfi leikskólans, börnum og starfsfólki. Foreldrar sjá einnig um að ná í jólatré, púkagleði á þrettándanum, sumarhátíðina á Ósi og í ár ætlum við að bæta við hausthittingi. Einnig eru ýmis verkefni sem að foreldrar taka að sér eins og að sjá um tölvu mál skólans, vaska upp í eldhúsinu ef þarf og sjá um matjurtargarðinn.

Foreldrastarfið er að komast á fullt aftur eftir Covid og hlökkum við mikið til samstarfsins. Ný stjórn er tekin við og er hún full af krafti og nýjum hugmyndum.



Við höfum leigt skikka á Þorragötunni til þess að rækta kartöflur og annað grænmeti en á síðasta skólaári var ákveðið að gera okkar eigins hér á lóðinni þannig að börnin geti tekið enn meira þátt í ræktuninni . Annars gengu vinnudagarnir ágætlega þrátt sig fyrir samkomu takmarkanir og veikindi og margt var klárað og gert eins og venjulega á þessum dögum..

9 Skipulagsdagar

8. ágúst

24. október

2. desember

2. janúar

24. febrúar

19. maí

F. h. leikskólans Barnaheimilisins Óss

Sigrún Eiríksdóttir

ágúst 2022

Leikskólastjóri Óss

Dagsetning

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1

Leikskólasdagatal 2022 – 2023

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M Fylgiveskramma	1 F	1 L	1 Þ	1 F Fylgiveskramma	1 S Vísingur	1 M	1 M	1 L	1 M Vísingur	1 F	1 L
2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F Söndur	2 M Söndur	2 F Söndur	2 F Söndur	2 S Fylgiveskramma	2 Þ	2 F	2 S
3 M	3 L	3 M	3 F Söndur	3 L	3 Þ Ólafur á Hlíð	3 F	3 F	3 M Fylgiveskramma	3 M	3 L	3 M Söndur
4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L Þróttur	4 Þ Þróttur	4 F Söndur	4 S Fylgiveskramma	4 Þ
5 F	5 M	5 M	5 L Þróttur	5 M	5 F Söndur	5 S	5 S	5 M Fylgiveskramma	5 F	5 M	5 M
6 L	6 Þ	6 F Söndur	6 S	6 Þ	6 F Þróttur	6 M Dagur í skólinum	6 M	6 F Söndur	6 L	6 Þ	6 F
7 S	7 M	7 F	7 M	7 M	7 L Þróttur	7 Þ Söndur	7 Þ	7 F Fylgiveskramma	7 S	7 M	7 F
8 M Söndur	8 F Þróttur	8 L	8 Þ Þróttur	8 F	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 L
9 Þ Ólafur	9 F	9 S	9 M	9 F	9 M	9 F	9 F	9 S Þróttur	9 Þ Söndur	9 F Söndur	9 S
10 M	10 L	10 M	10 F	10 L	10 Þ Söndur	10 F	10 F	10 M Þróttur	10 M	10 L	10 M
11 F	11 S	11 Þ Söndur	11 F	11 S	11 M	11 L Dagur í skólinum	11 L	11 Þ Söndur	11 F	11 S	11 Þ
12 F	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M	12 M
13 L	13 Þ Söndur	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 M	13 M	13 F Söndur	13 L	13 Þ	13 F
14 S	14 M	14 F	14 M	14 M	14 L	14 Þ	14 Þ Dagur í skólinum	14 F	14 S	14 M	14 F
15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 L
16 Þ	16 F Dagur í skólinum	16 S	16 M Dagur í skólinum	16 F	16 M	16 F	16 F	16 S	16 Þ	16 F Söndur	16 S
17 M	17 L	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F Þróttur	17 F	17 M	17 M	17 L Þróttur	17 M
18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 L	18 L	18 Þ	18 F Þróttur	18 S	18 Þ
19 F	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 S Þróttur	19 S	19 M	19 F Söndur	19 M	19 M
20 L	20 Þ	20 F	20 S Dagur í skólinum	20 Þ	20 F Þróttur	20 M	20 M	20 F Söndur	20 L	20 Þ	20 F
21 S	21 M	21 F Þróttur	21 M	21 Þ Þróttur	21 L	21 Þ Söndur	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F
22 M	22 F	22 L Þróttur	22 Þ	22 F	22 S	22 M Þróttur	22 M	22 L	22 M	22 F	22 L
23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F Þróttur	23 M	23 F	23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 S
24 M	24 L	24 M Söndur	24 F	24 L Þróttur	24 Þ	24 F Söndur	24 F	24 M	24 M	24 L	24 M
25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 L	25 M	25 L	25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ
26 F	26 M Þróttur	26 M	26 L	26 M	26 F	26 S	26 S	26 M	26 F	26 M	26 M
27 L	27 Þ	27 F Þróttur	27 S	27 Þ	27 F	27 M	27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F
28 S	28 M	28 F Þróttur	28 M	28 M	28 L	28 Þ	28 Þ	28 F	28 S Þróttur	28 M	28 F
29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 M	29 L	29 M Þróttur	29 F	29 L
30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F	30 M	30 F	30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S
31 M		31 M		31 L Þróttur	31 Þ	31 F	31 F		31 M	31 L	31 M



Umsögn foreldraráðs Starfsáætlun 2022 - 2023 Barnaheimilið Ós

Stjórn foreldraráðs leikskólans skipa:

Erla Guðrún Ingimundardóttir, formaður stjórnar

Sigríður Harðardóttir, gjaldkeri

Hildigunnur Katrínardóttir, ritari

Árni Hjörvar Árnason, meðstjórnandi

Hildur Margrét Jóhannsdóttir, meðstjórnandi

11 Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

